

Drög að umsögn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um tillögu forsætisnefndar um staðsetningu umboðsmaður borgarbúa.

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð er jákvætt fyrir þeirri tillögu að umboðsmaður borgarbúa fái sérstakan stað sem sjálfstæð eining í skipuriti með sjálfstæðan fjárhagsramma. Þetta er lykilatriði í því að tryggja sjálfstæði embættisins. Einnig fer vel á því að umboðsmaður starfi í umboði stjórnkerfis- og lýðræðisráðs enda er ráðið fjölskipað stjórnvald og verkefni þess samrýmast vel verkefnum umboðsmanns. Samhliða endurskoðun á samþykkt fyrir umboðsmann borgarbúa þyrfti jafnframt að endurskoða samþykkt fyrir stjórnkerfis- og lýðræðisráð. Í gildandi samþykkt ráðsins er til dæmis kveðið á um að borgarstjóri geti falið ráðinu verkefni beint en slík tenging beint við borgarstjóra væri óheppileg í ljósi þess að umboðsmaður borgarbúa þarf að vera óháður borgarstjóra, bæði í reynd og í ásýnd. Einnig er mikilvægt að stjórnkerfis- og lýðræðisráð vinni náið með umboðsmanni borgarbúa að því að setja verklagsreglur sem tryggja óhæði hans og skilgreina hvernig samskiptum hans við ráðið skal háttað.